

Hér er búið að taka saman efni sem nýtist vel fyrir t.d. þá kennara sem vilja taka þátt í Verksmiðjunni.

1. Hér er áherslan á fyrstu stig nýsköpunar, þ.e. hvernig þú getur hjálpað nemendum þínum að fá hugmyndir sem leysa raunveruleg vandamál eða áskoranir. Í stuttu máli er ferlið svona (efnið er tekið í Næsta stig – nýsköpun og frumkvöðlafræði):
 - a. [Æfingar – samvinna – hópefli](#) - Þessi hluti byrjar því á upphitunaræfingum sem auka hæfni nemenda í samvinnu og skapandi hugsun svo þeir geri sér betur grein fyrir því hvernig slík vinna fer fram er áður en byrjað er á ferlinu sjálfu Markmiðið með æfingunum er að koma þátttakendum í rétta gírinn, bæði líkamlega og andlega
 - b. [Uppgvötunarstigið](#) - Á þessu stigi er komið að því að fara út og kanna umhverfið af forvitni og finna þannig hugsanleg umfjöllunarefni sem hægt er að nota í skrefunum fjórum þess vegna snýst það um að leiða huga nemenda að því samfélagi sem við búum í og hvaða möguleikum og áskorunum við stöndum frammi fyrir
 - c. [Hugmyndastigið](#). - Nú eruð þið komin að hugmyndastiginu þar sem á að búa til nýjar hugmyndir, velja úr þeim og þróa þær áfram. Gott er að nota hugmyndakortin á þessu stigi.
 2. Vinnuheftið [Nýsköpun – Ferðþjónusta](#) er gott að nota til að fá hugmyndir í nærumhverfinu. Hér eru tekin saman þau skref, sem nauðsynleg eru, til að koma með góða, nytsamlega hugmynd/nýsköpun, tengdri ferðþjónustu:
 - Farið er aðeins yfir þá ólíku markhópa ísl. ferðþjónustu, hverju þeir eru að leita eftir og hvað Ísland hefur upp á að bjóða fyrir þá.
 - Hvernig er hægt að fá hugmynd?
 - Hver er hugmyndin og fyrir hvern er hún?
- Auðvelt er að nýta „Hvernig fær maður hugmyndir?“ fyrir hugmyndavinnu í öðrum greinum, með því einfaldlega að taka út „ferðþjónusta og ferðamenn“ og setja eitthvað annað inn í staðinn.

3. 2. Vinnuheftið [Nýsköpun í skólum - Hvernig fær maður hugmyndir](#). Hér eru tekin saman nokkrar leiðir, sem hægt er að nota til að koma með góða, nytsamlega hugmynd/nýsköpun
4. [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) eru afar sniðug til að láta nemendur koma fram lausnir er varða sjálfbæra þróun og Heimsmarkmiðin. Í samstarfi við UNICEF voru kennslugögn útbúin fyrir Heimsins stærstu kennslustund (World's Largest Lesson) í september 2015, sem eru leiðbeiningar fyrir 30 og/eða 60 mínútna langar kennslustundir, ásamt myndbandi um markmiðin með íslensku tali og teiknimyndasögu. Hér á síðunni eru verkefnahugmyndir sem nýtast kennurum á grunn- og framhaldsskólastigi.

Fyrir kennara sem taka þátt í Verksmiðjunni, ættu þessi stig að duga til að senda inn hugmynd:

<http://ungruv.is/verksmidjan/taktu-thatt/>

*Athugið að allt efni, sem tekið er saman hér er einungis til stuðnings og er alls engin skylda að nýta það í keppnunum tveimur. **HÉR** er hægt að sjá hvernig kennsluháttum og skipulagningu kennslustunda er háttað hjá öðrum kennurum, hvaða kennslugögn þeir nota osfrv.*

Endilega Hafðu samband á ebe@nmi.is ef þú hefur spurningar eða vantar aðstoð. Þú getur einnig fengið heimsókn frá okkur, í skólann þinn – að sjálfsögðu án endurgjalds 😊